

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. janúar 2022
Tilvísun: 202112-0005
SS/LA
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu færslu á hluta Bolungarvíkurlínu 1.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 2. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar Landsnets hf. á færslu á hluta Bolungarvíkurlínu 1.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni og telur að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða rúman 2 km langan hluta af Bolungarvíkurlínu 1 þar sem hún liggur um Hestakleif milli Botnsdals í Súgandafirði og Syðridals í Bolungarvík. Til stendur að færa línuna vestar þannig að hún liggi um Svarthamrahvilft. Bæði núverandi lega og áætluð lega eru innan svæðis sem eru á gildandi (C-hluta) náttúruminjaskrár „Nr. 315, Botn í Súgandafirði, Seljalandsdalur og Tungudalur“.

Fram kemur í tilkynningunni að farið hafi fram ítarleg valkostagreining og fimm valkostir verið skoðaðir auk núllkosta. Valkosturinn um Svarthamrahvilft sem þykir ákjósanlegastur liggur neðar í landi en núverandi lína og snjósöfnun og ísing ætti því að vera minna vandamál. Línan mun lengjast en möstrum mun fækka töluvert en tólf stæður eru áætlaðar. Er því um rask á tólf svæðum að ræða auk ásýndaráhrifa á nýju svæði. Hægt er að nýta núverandi slóða að mestu en leggja þarf einn nýjan aðkomuslóða að stæðu í Svarthamrahvilft. Ekki er gert ráð fyrir mikilli efnispörf. Framkvæmd á niðurrifi þess hluta núverandi línu sem stefnt er að því að leggja niður felur í sér að slétt verður yfir holur sem myndast og ef rask verður á gróðurþekju að nýta svarflag til að leggja yfir sárin.

Fram kemur að markmið framkvæmda er að auka afhendingaröryggi á svæðinu, en um er að ræða krefjandi hálent svæði þar sem bilanir á loftlínu eru tíðar vegna vinda og ísingar. Afhendingaröryggi rafmagns í Bolungarvík hefur batnað mikið eftir að jarðstrengur var lagður um nýju Bolungarvíkurgöngin. Náttúrufræðistofnun telur að rökstyðja mætti betur nauðsyn þess að viðhalda þessari línu yfir Gilsbrekkuheiði eða hvort einn valkostur gæti verið að leggja línuna í jarðstreng um Vestfjarðargöngin yfir til Ísafjarðar og þaðan til Bolungarvíkur.




Áhrif framkvæmdarinnar á náttúruminjar eru einkum rask á gróðri og ásýndaráhrif. Eins og fram kemur í tilkynningunni er framkvæmdasvæðið ekki mikið gróið og mela- og skriðuvistgerðir ríkjandi. Engar vistgerðir með hátt verndargildi verða fyrir raski. Raskið er fyrst og fremst í kringum staðsetningar nýrra stæða og er áhrifasvæðið áætlað um 25 metra breitt við hverja stæðu. Sjaldgæfar plöntutegundir sem finnast í Botnsdal t.d. þúsundablaðarós, eru nær örugglega utan framkvæmdasvæðis þ.e. neðar í hlíðinni.

Ásýndaráhrif verða talsverð séð frá Botnsdal þar sem línan mun liggja niður bratta hlíð og ofan í jökulsorfna skál. Stæðum verður fækkað niður í tólf en ný stæði verða flest staðsett á áður óröskuðu svæði, auk línulóða sem eru nauðsynlegir til að koma möstrum fyrir á sinn stað. Það hefði verið gagnlegt að sýna betur ásýnd nýrrar línulegu með skýringarmyndum í tilkynningunni til að geta metið áhrifin betur.

Í Botnsdal eru surtarbrandslög og steingerðar plöntuleifar finnast í setlögum í um 200 m hæð ofan við Botn. Ekki er með fullu ljóst hvort fyrirhuguð framkvæmd (valkostur 4) muni raska slíkum jarðmyndunum en þó verður að teljast frekar ólíklegt þar sem þekktar minjar eru staðsettar í töluvert minni hæð.

Náttúrufræðistofnun telur að tilkynningin sé ítarleg og greint er frá ýmsum mótvægisáðgerðum. Ásýndaráhrif vega þyngst af þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin mun hafa í för með sér. Eins og fram kemur hér í upphafi er það niðurstaða Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat, en skoða hefði mátt þann valkost að kanna möguleika á jarðstreng um Vestfjarðargöng í stað þess að breyta línunni.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands

